

Matís ohf
Vínlandsleið 12
113 Reykjavík

27.8.2025
UOS2501529/K.G.
14.03

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 28. júlí 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Matís þann 25. júní 2025. Þann 20. ágúst 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.4 í leyfi. Spilliefni eru geymd á gólfi undir dragskáp í efnaherbergi án lekavarna (lekabyttu), sem telst frávik frá kröfum um örugga geymslu og áhættustýringar vegna hættulegra efna.

Samkvæmt rekstraraðila er búið að koma upp lekabyttum á þeim stað sem vísað er til.

2. Gr. 3.1 í leyfi. Rými í kjallara þar sem unnið er með erfðabreyttar lífverur voru ekki merkt, sem telst frávik frá kröfum um að setja skuli upp viðvörunarskilti þar sem hætta af líffræðilegum toga kann að vera til staðar.

Samkvæmt rekstraraðila er búið að koma viðeigandi merkingum upp í þeim rýmum sem vísað er til.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfis- og orkustofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Kjartan Guðmundsson
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur